



# ÖRYGGI Á FERÐUM VIÐ BREIÐAFJÖRÐ

## HÆTTULEG SVÆÐI

Brattir klettur og sjávarbjörg geta dregið fólk að, ekki síst þar sem mikill fjöldi bjargfugla verpur. Bjargbrúin geta verið lausar í sér, t.d. í ungu hrauni eða við lundavörp, og er því ráðlagt að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá brúnum, að lágmarki 1,5 metra. Nauðsynlegt er að setjast eða krjúpa áður en horft er í gegnum sjónauka eða myndavélarlinsu við bjargbrún, til að minnka hættu á að missa jafnvægið.

Í hraunbreiðum er undirlag gjarnan ótraust og holur leynast víða. Ekki er mælt með gönguferðum við slíkar aðstæður nema á göngustígum.

Bleyta og þörungur geta gert fjörugrjót flughátt og hættulegt yfirferðar. Ekki er ráðlegt að ganga einn síns liðs um leirur, því hætta er á að festa sig í mjúkri leðju. Einnig ber að hafa sjávarföllin í huga og vera ekki á flæðiskeri staddur eða úti á miðri leiru þegar fellur að og sjávarborð getur hækkað hratt.



## ÁBYRG FERÐAMENNSKA

Á ferðalögum er mikilvægt að sýna fyrirhyggju og haga sér í samræmi við aðstæður. Áður en lagt er af stað ætti að athuga:

- **Ferðaáætlun:** Þegar ferðast er um fáfarnari slóðir, t.d. siglt um Breiðafjörð, ekið um hálandið eða gengið á fjöll, er mikilvægt að skilja eftir ferðaáætlun hjá vinum, ættingjum eða á vef Safetravel, þar sem velja má vöktun. Hún felur í sér að fylgst er með að ferðalangur skili sér á tilsettum tíma. Gagnlegt getur verið að nota 112 appið til að auka öryggi.
- **Búnaður:** Velja þarf búnað í samræmi við ferðamáta. Við akstur þarf að velja ökutæki í samræmi við ástand vega, árstíma og færð. Sérlega mikilvægt er að hjólbarðar séu góðir og henti aðstæðum.
- **Fatnaður:** Íslensk veðráttu er sibreytileg og þarf því ávallt að vera við öllu viðbúinn. Það þýðir að klæðast í samræmi við aðstæður, sem m.a. getur falið í sér að klæðast nokkrum lögum af fötum. Góð regla er að hafa ávallt vind- og regnheld fót með í för.
- **Veður:** Áður en lagt er af stað ætti alltaf að kanna veðurspá fyrir svæðið sem farið er um.
- **Ástand vega:** Fylgjast má með ástandi vega á vef Vegagerðarinnar. Það er sérstaklega brýnt þegar ferðast er að vetrarlagi eða farið er um hálandisvegi.
- **Virðing:** Ábyrgur ferðamaður ber virðingu fyrir náttúru og menningu hvers svæðis, þannig að komandi kynslóðir geti einnig notið ferðalaga um landið.

## ÓLÍKAR AÐSTÆÐUR

Náttúra Íslands getur verið óblíð og skjótt skipast veður í lofti. Á för um landið þarf því að huga að eigin öryggi og annarra.

## Á VEGUM

Vegir eru fjölbreyttir við Breiðafjörð og færð getur spillst. Skoðið færð og veður á vef Safetravel eða á vef eða í appi Vegagerðarinnar áður en lagt er af stað. Leiðbeiningar um akstur á íslenskum vegum má finna á vef Safetravel. Helst skal hafa í huga að:

- Við Breiðafjörð eru víða **malarvegir**. Þar er hámarkshraði 80 km/klst. við bestu aðstæður en oft þarf að aka hægar.
- Við **einbreiða brú** þarf að hægja ferðina. Vertu viss um að enginn sé að koma á móti þegar þú ekur yfir.
- Sauðfé getur hlaupið fyrirvaralaust yfir veginn. Hægðu á þér og vertu viss um að lamb og móðir séu sömu megin vegar áður en þú ekur fram hjá.
- Skapa ekki hættu með því að **stöðva bifreið úti í kanti**, nema um neyð sé að ræða. Finndu frekar öruggan stað, útskot eða stæði, hvort sem um er að ræða í dagsljósi eða myrkri, t.d. við norðurljósaskoðun.



## Á SJÓ

Siglingar um Breiðafjörð geta verið varhugaverðar vegna mikilla strauma, grynninga og mikils munar á flóði og fjöru. Því ætti fólk eingöngu að sigla í fylgd með staðkunnugum með tilskilin réttindi og nota björgunarvesti, sérstaklega þegar siglt er á opnum bátum. Kajakræðarar ættu að afla sér upplýsinga um fallstrauma, skilja eftir ferðaáætlun hjá einhverjum í landi, t.d. á vef Safetravel, og aldrei vera einir á ferð. Fjarskiptatæki, svo sem sími eða neyðarsendir, ættu alltaf að vera með í för. Sjósund og köfun ætti aldrei að stunda nema í félagi við aðra og huga þarf sérstaklega vel að sjávarfallastraumum.



## EF SLYS BER AÐ HÖNDUM

**Neyðarnúmerið á Íslandi er 112.** Í það skal hringja ef tilkynna á um slys, óskað er sjúkraflytninga eða aðstoðar lögreglu, björgunarsveitar eða slökkviliðs.

## GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR UM AÐSTÆÐUR OG ÖRYGGI



vedur.is/um-vi/frettir/nr/2738



safetravel.is/is/112-iceland-app/



vegagerdin.is/um-vegagerdina/app-vegagerdarinnar/



safetravel.is



Útgefandi: Breiðafjarðarnefnd  
Texti: Náttúrustofa Vesturlands  
Ljósmyndir: Anna Melsteð, Róbert Arnar Stefánsson, Breiðafjarðarnefnd.  
Kort: Sigurgeir Skúlason  
Uppsetning og hönnun: Anok margmiðlun ehf  
Prentun: Hjá Guðjón Ö.ehf.  
Mars 2020  
www.breidafjordur.is



# UMGENGNI VIÐ NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJAR BREIÐAFJARÐAR

## NÁTTÚRUVERNÐ

**Náttúruverndarsvæði:** Á slíkum svæðum er bannað að skerða gróður, trufla dýralíf, dreifa framandi lífverur og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar. Nytjar eru óheimilar, utan berjatínslu til neyslu á staðnum og hefðbundinna nytja landeigenda. Einn þjóðgarður, eitt verndarsvæði, fjögur friðlönd og eitt náttúruvætti eru við Breiðafjörð:

- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er vestast á Snæfellsnesi – Öllum er frjálst að ganga um land þjóðgarðsins en skulu fylgja gönguleiðum þar sem þær eru fyrir hendi.
- Eyjar og fjörur Breiðafjarðar njóta verndar skv. lögum nr. 54/1995 vegna landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.
- Friðland á hluta Flateyjar: Umferð óheimil 15. apríl – 15. ágúst.
- Friðland í Hrísey: Umferð óheimil 15. apríl – 15. júlí.
- Friðland í Melrakkaey: För óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar og skotveiði bönnuð innan 2 km frá eyjunni.

- Friðland í Vatnsfirði: Umferð um eyjar og hólma er ekki leyfi Umhverfisstofnunar.
- Surtarbrandsgil í Vatnsfirði er náttúruvætti til verndunar steingerðra gróðurleifa. Sýning um svæðið er á Brjánslæk. Ganga í gilið er aðeins heimil í fylgd landvarðar.

**Dýraskoðun:** Spennandi og gefandi er að fylgjast með dýrum í sínu náttúrulega umhverfi. Við þá iðju þarf þó að gæta varúðar og leitast við að raska ekki náttúrulegu atferli dýranna. Góður sjónauki er nauðsynlegt hjálpartæki til að geta fylgst með úr fjarlægð. Það að dýr ókyrist eða breyti um atferli þegar maður nálgast er til marks um að farið sé of nærri og ætti þá að fara fjær. Góð upplifun eða ljósmynd á ekki að vera á kostnað dýranna, enda getur endurtekin truflun haft neikvæð áhrif á lífslíkur og lífsgæði þeirra. Sérstök athygli er vakin á því að drónaflug getur valdið tjóni á fuglalífi, sérstaklega í þéttum fuglavörpum og við fuglabjörg, og ætti ekki að stunda á slíkum svæðum á varptíma. Á vef Samgöngustofu má finna reglur um drónanotkun.

## UMGENGNISREGLUR

Á ferð um Breiðafjörð á landi eða sjó skal hafa aðgát og almenna tillitssemi að leiðarljósi. Samkvæmt náttúruverndarlögum er almenningi heimil för um óræktað land í lögmætum tilgangi, svo lengi sem það gengur vel um náttúru landsins. Sýna skal landeigendum fulla tillitssemi, virða hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, og hlíta tilmælum. Á Breiðafirði gildir sú óskráða regla að afla leyfis landeiganda fyrir landgöngu í eyjum. För um land er þó ekki á ábyrgð landeiganda að öðru leyti en því sem leiðir af ákvæðum annarra laga og almennum skaðabótareglum. Samkvæmt náttúruverndarlögum skal sérstök aðgát höfð í nánd við búfé, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði. Forðast skal að eyða eða spilla gróðri. Óheimilt er að hafa næturgistingu í tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum utan skipulagðra tjaldstæða, nema með leyfi landeiganda. Tjalda má allt að þremur hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á óræktuðu landi sé skipulagt tjaldstæði ekki í næsta nágrenni og landeigandi hefur ekki takmarkað aðgang að svæðinu. Sorp og annan úrgang má aldrei skilja eftir í náttúrunni, heldur skal skila í viðurkennda förgun.



Um **skotveiðar** gilda lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Um veiðitegundir og veiðitíma má lesa á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Bannað er að skjóta seli á innanverðum Breiðafirði. Eigendum selalátra er þó heimilt að nytja þau, þótt skot við látur séu alltaf bönnuð. Á sumum jörðum við Breiðafjörð er hefð fyrir **eggjatöku** og á það einkum við um egg máfa, gæsa og svartfugla. Hún er einungis heimil landeigendum. **Tínsla berja, sveppa, jurta og fjörugróðurs** er öllum heimil í þjóðlendum en á eignarlöndum þarf til þess leyfi landeiganda, nema þegar neytt er á vettvangi. **Tínsla steina og steingervinga** er almennt bönnuð nema með leyfi landeigenda og stundum njóta þeir sérstakrar verndar á friðlýstum svæðum, t.d. í Surtarbrandsgili við Vatnsfjörð. Óheimilt er að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað.



**Lausaganga hunda** er bönnuð í þéttbýli, utan afmarkaðra svæða í sumum bæjarfélögum. Um dreifbýli gilda reglugerðir sveitarfélaga en almennt er heimilt að sleppa hundum lausum á auðum svæðum fjarri íbúabyggð. Hundar annarra en landeigenda eru þó illa séðir í eyjum. Umsjónarmenn hunda skulu ætíð gæta þess að þeir valdi ekki tjóni eða ónæði fyrir búfé eða villt dýr. Á það sér í lagi við í maí, júní og júlí, þ.e.a.s. á meðan fuglar liggja á eggjum og ungvíði fugla og spendýra eru lítt þroskuð. Á þeim tíma er æskilegt að hundar séu í taumi.

**Kettir** geta valdið tjóni á fuglalífi og eiga ekki heima í Breiðafjarðareyjum. Útikettir ættu alltaf að bera fuglakraga til verndar fuglalífi.

**Utanvegaakstur** er óheimill á Íslandi ef frá er talið að heimilt er að aka utan vega ef snjór er yfir öllu og aðstæður þannig að bifreiðin fer ekki niður úr snjónum og skemmi þannig jörð. Brot geta varðað háum sektum.

**Umferð háværra farartækja**, t.d. sjókatta (jet-ski), getur haft mjög neikvæð áhrif á fuglalíf og upplifun fólks sem sækist eftir kyrrð og náttúrufergurð. Hún á alls ekki heima á svæðum þar sem eru arnarhreiður eða þétt fuglavörp.

## VERND MENNINGARMINJA



Menningarminjar eru ummerki um sögu þjóðarinnar. Þar á meðal eru fornleifar, sem eru a.m.k. 100 ára gamlar mannvistarleifar. Þeim og 15 metra svæði umhverfis þær má ekki raska. Séu leifarnar friðlýstar eru þær merktar og nær friðhelgaða svæðið þá 100 metra út frá þeim.

Mikilvægt er að ganga ekki ofan á eða hrófla við fornleifum, svo sem hleðslum tófta, enda geta þær verið viðkvæmar og hrunið auðveldlega.

Við Breiðafjörð er mikið af minjum um landbúnað og sjávarútveg. Ferðamenn eru hvattir til að skoða þessar minjar en ganga um þær af varkárni og virðingu.

**Skiljum ekkert eftir og tökum aðeins með okkur myndir og minningar!**

## BREIÐAFJÖRÐUR

Breiðafjörður er grunnur og víðáttumikill flói við vesturströnd Íslands á milli Snæfellsness í suðri og Vestfjarða í norðri. Landslag er fjölbreytt en meira en 4 þúsund jökulsorfnar eyjar og sker eru á meðal sérkenna svæðisins. Sjávarföll eru meiri en annars staðar við Ísland, sem valda miklum straumum og allt að 6 metra hæðarmun á milli flóðs og fjöru á stórstreymi. Þetta samspil landslags og sjávarfalla gerir Breiðafjörð að víðáttumesta grunnsvævis- og fjörusvæði landsins. Í Breiðafirði er 31% af flatarmáli grunnsvævis á minna en 20 m dýpi við Ísland, 56% af öllum fjörum landsins, 65% af grýttum fjörum og 40% af leirum. Birta nær víða til botns, sem skapar vaxtarskilyrði fyrir víðáttumestu þörungaskóga landsins. Lífríki Breiðafjarðar ofan sjávar og neðan er auðugt og samkvæmt samantekt Náttúrufræðistofnunar er Breiðafjörður mikilvægasta fuglasvæði landsins. Svæðið er einnig auðugt af sögu og í gegnum tíðina hefur verið rík hefð fyrir því að nýta auðlindir fjarðarins, þar á meðal fisk, æðardún, egg, fugla, seli og þörungum. Fjörur og eyjar innri hluta Breiðafjarðar njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 54/1995 og Breiðafjörður er á yfirlitsskrá fyrirhugaðra tilnefninga Íslands á heimsminjaskrá UNESCO í flokki náttúru- og menningarminja.

## VIÐKVÆM NÁTTÚRA



Náttúra Íslands getur verið falleg, hrá og hrikaleg en hún er jafnframt afar viðkvæm. Á meðal helstu ástæðna þess eru:

- Rofgjarn eldfjallajarðvegur og vindasemi veldur því að sár í gróðurhulu geta þróast í melabletti og auðnir á tiltölulega skömmum tíma. Við það tapast dýrmætur jarðvegur.
- Veðurfar er gróðri erfitt, hann er hægvoxta og vaxtartímabil stutt. Gróðurskemmdir, t.d. á mosa, geta verið áratugi eða aldri að jafna sig – ef þær jafna sig.
- Ýmsar jarðmyndanir eru viðkvæmar fyrir hnjaski. Má þar nefna móberg, sem myndast hefur við gos undir jökli og er hlutfallslega algengt á Íslandi en sjaldgæft á heimsvísu.
- Dýr á landi nota stutt sumarið gjarnan til að fjölga sér. Þau hafa takmarkaðan tíma til að koma afkvæmum á legg og mega því illa við truflun á þeim tíma. Þetta á ekki síst við um sjófugla sem koma nær eingöngu á land yfir varptímann.